

63

8. júlí

S A M Þ Y K T

um

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf í heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þartil fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gjört samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hjer með til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

64

19. júlí

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir sjóð hjónanna Björns bónda Oddssonar og húsfreyju Rannveigar Ingibjargar Sigurðardóttur, frá Hofi í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. júlí 1926. Skipulagsskráin er þannig:

S K I P U L A G S S K R Á

fyrir

Minningarsjóð hjónanna Björns bónda Oddssonar og húsfreyju Rannveigar Ingibjargar Sigurðardóttur, frá Hofi í Vatnsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Björns Oddssonar og Rannveigar Ingibjargar Sigurðardóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn af Magnúsi prófasti Björnssyni á Prestsbakka á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu og af Oddi Björnssyni, prentmeistara frá Akureyri, til minningar um foreldra þeirra.

3. gr.

64

19. júlí

Stofnfje sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Sjóðurinn ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða, nje aukning hans, hvort heldur hún stafar að viðlögðum vöxtum, áheitum, gjöfum eða öðru, sem fellur honum til aukningar. Er alt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár þessarar, sem frumstofninn, og má aldrei hafa að eyðslufje. Sjóðurinn er æfinleg eign íbúa Áshrepps í Húnaþingi.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá að skógskrýða Vatnsdalinn, svo sem verða má og nytsemd og prýði er að. Áhersla skal lögð á, að gróðursetning og ræktun skógar sje ger af framsýni, forsjá og undir umsjón skógfræðings, sem starfar fyrir það opinbera að skógrækt Íslands, svo hún verði staðgöð og varanleg, en fari eigi til spillings af völdum búpenings, nje vanhirðing eða átroðningi manna.

5. gr.

Þangað til skógræktarstjóri landsins telur annað girðingarefni hentugra, skal girða svæði þau, er tekin verða til skógræktar, með traustum vírnetsgirðingum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Hreppstjóri Áshrepps og tveir menn aðrir, karlar eða konur, kosnir til tveggja ára í senn á hreppsfundi, þannig, að í fyrsta sinn gengur annar þeirra úr stjórn sjóðsins eftir hlutkesti, að ári liðnu. Hreppstjórinn er formaður stjórnarinnar og varðveitir viðskiftabók sjóðsins við Söfnunarsjóð Íslands, hefir reikningshald sjóðsins á hendi og ábyrgð á öðrum skjölum og skilríkjum sjóðsins. Stjórnin öll ákveður styrkveitingar úr sjóðnum og ráðstafar því, er þörf krefur, í þágu hans.

Yfirstjórn skógræktar þessarar hefir skógfræðingur Íslands, eða þau völd, er í hans stað kunna að koma.

7. gr.

Til ársins 1960 leggjast allir vextir við höfuðstól minningarsjóðsins. Frá þeim tíma til ársins 2000 falli til útborgunar $\frac{1}{4}$ ársvaxtanna. Eftir þann tíma getur atvinnumálaráðuneyti Íslands ákveðið, að meira megi koma til útborgunar, alt að $\frac{2}{3}$ ársvaxtanna. Ársreikninga sjóðsins úrskurðar sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu.

8. gr.

Nú vill einhver búandi eða landhafi í Vatnsdal verða aðnjótandi styrks til skógræktar úr minningarsjóðnum, og skal hann þá fyrir 1. desember árið

64 áður senda formanni sjóðsins skriflega umsókn. Skal þar ger full grein fyrir,
19. júlí hvern veg hann hugsar sjer að nota styrkinn, og skuldbinding um, að vand-
lega sje frá öllu gengið. Glögga skýrslu skal hann gefa stjórn sjóðsins, hvernig
fjenu hafi verið varið. Stjórn sjóðsins úrskurðar og tilkynnir skriflega fyrir
nýjár, hvort styrkur veitist og hve mikill.

9. gr.

Þá er sjóðurinn hefir tæmt upprunalegt starfsvið sitt, má með breytingu
á skipulagsskrá þessari á almennum hreppsfundum víkka starfsvið hans til ann-
ara nytsemdarfyrirtækja í Áshreppi. Atvinnumálaráðuneytið samþykkir breyt-
ingu þessa.

Skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Magnús Bjarnarson.

65
27. júlí

AUGLÝSING

um

innflutningsbann.

Með því að mjög skað munn- og klaufaveiki gengur nú í Danmörku
og Svíþjóð, er hjermeð samkvæmt lögum nr. 22, frá 15. júní þ. á., um inn-
flutningsbann á dýrum o. fl., og með ráði dýralæknisins í Reykjavík, bannað
að viðlögðum sektum og skaðabótum samkvæmt lögum þessum, fyrst um sinn
að flytja til landsins frá löndum þessum lifandi fugla, hey, hálm (nema um-
búðahálm), alidýraáburð, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, hverju nafni
sem nefnast, ósoðna mjólk og brúkaða fóðurmjölssækki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.